

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/47/12

frá 15. júní 2001

um föst sammingsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til þriðju landa samkvæmt

tilskipun 95/46/EB(*)

(tilkynnt með númeri C(2001) 1539)

(2001/497/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

og með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 26. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB er aðildarríkjnum gert að kveða á um að einungis megi flytja persónuupplýsingar til þriðja lands ef það land tryggir fullnægjandi gagnavernd og ef farið hefur verið að lögum aðildarríkisins, sem uppfylla önnur ákvæði tilskipunarinnar, áður en flutningurinn á sér stað.
- 2) Í 2. mgr. 26. gr. tilskipunar 95/46/EB er kveðið á um að aðildarríkjum sé heimilt að leyfa, með fyrirvara um tilteknar öryggisráðstafanir, flutning eða röð flutninga á persónuupplýsingum til þriðju landa sem tryggja ekki fullnægjandi vernd. Slíkar öryggisráðstafanir er einkum hægt að gera með hliðsjón af viðeigandi sammingsákvæðum.
- 3) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB skal meta það hve mikil gagnaverndin er með hliðsjón af öllum aðstæðum sem hafa áhrif á gagnaflutningsaðgerðina eða röð gagnaflutningsaðgerða. Starfs-
hópurinn um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu á upplýsingum, sem komið var á fót samkvæmt þeirri tilskipun ⁽²⁾, hefur gefið út leiðbeiningar um slíkt mat ⁽³⁾.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 181, 4.7.2001, bls. 19, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2002 frá 1. febrúar 2002 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 18, 4.4.2002, bls. 5.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

⁽²⁾ Veffang starfshópsins er:

http://www.europa.eu.int/comm/internal_market/en/medial/dataprot/wpdocs/index.htm.

⁽³⁾ WP 4 (5020/97) „Fyrstu hugmyndir um flutning persónuupplýsinga til þriðju landa — hugsanlegar leiðir til að meta hvort verndin er fullnægjandi“, skjal, sem skapar umræðugrundvöll, samþykkt af starfshópi 26. júní 1997.

WP 7 (5057/97) „Mat á innra eftirliti starfsgreina: hvenær stuðlar það markvisst að gagnavernd í þriðja landi?“, vinnuskjal samþykkt af starfshópi 14. janúar 1998. WP 9 (3005/98) „Bráðabirgðaálit á notkun sammingsákvæða í tengslum við flutninga á persónuupplýsingum til þriðju landa“, vinnuskjal samþykkt af starfshópi 22. apríl 1998.

WP 12: „Flutningur persónuupplýsinga til þriðju landa: beitt er 25. og 26. gr. gagnaverndartilskipunar ESB, vinnuskjal sem er samþykkt af starfshópi 24. júlí 1998, og er tiltækt á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar „europa.eu.int/comm/internal_market/en/media/dataprot/wpdocs/wp12/en“.

- 4) Ákvæði 2. mgr. 26. gr. tilskipunar 95/46/EB, þar sem kveðið er á um sveigjanleika hjá fyrirtæki sem hyggst flytja gögn til þriðju landa, og 4. mgr. 26. gr. þar sem kveðið er á um föst samningsákvæði, eru grundvallaratriði til að viðhalda nauðsynlegu streymi persónuupplýsinga milli bandalagsins og þriðju landa án þess að íþyngja fyrirtækjum óþarflega mikið. Þessar greinar eru sérstaklega mikilvægar með tilliti til þess að ekki er líklegt að framkvæmdastjórnin samþykki fullnægjandi vernd skv. 6. mgr. 25. gr. nema fyrir takmarkaðan fjölda landa til skamms tíma eða meðallangs tíma.
- 5) Föstu samningsákvæðin eru aðeins einn af mörgum möguleikum samkvæmt tilskipun 95/46/EB, ásamt 25. gr. og 1. og 2 mgr. í 26 gr., um löglegan flutning persónuupplýsinga til þriðja lands. Auðveldara verður fyrir fyrirtæki að flytja persónuupplýsingar til þriðju landa með því að fella föstu samningsákvæðin inn í samning. Föstu samningsákvæðin eiga aðeins við um gagnavernd. Gagnaútflytjandanum og gagnainnflytjandanum er frjálst að setja inn önnur ákvæði um viðskipta-tengd málefni sem þeir telja vera mikilvæg í samningnum, t.d. ákvæði um gagnkvæma aðstoð í deilum við skráðan aðila eða eftirlitsyfirvald svo framarlega sem þau stangast ekki á við föstu samningsákvæðin.
- 6) Ákvörðun þessi skal vera með fyrirvara um innlendar heimildir sem aðildarríkin kunna að veita í samræmi við innlend ákvæði til framkvæmdar 2. mgr. 26. gr. tilskipunar 95/46/EB. Aðstæður við sérstakan flutning geta útheimt að ábyrgðaraðilar gagna geri mismunandi öryggisráðstafanir í skilningi 2. mgr. 26. gr. Í öllum tilvikum hefur ákvörðun þessi einungis þau áhrif að aðildarríkin mega ekki neita að viðurkenna að föstu samningsákvæðin sem hér er lýst tryggji fullnægjandi öryggisráðstafanir og hefur hún þess vegna engin áhrif á önnur samningsákvæði.
- 7) Gildissvið þessarar ákvörðunar takmarkast við að fastsetja að ábyrgðaraðili, sem hefur staðfestu í bandalaginu, geti notað ákvæðin í viðaukanum í þeim tilgangi að tryggja nægilegar öryggisráðstafanir í skilningi 2 mgr. 26. gr. tilskipunar 95/46/EB. Flutningur á persónuupplýsingum til þriðju landa er vinnsla sem fer fram í aðildarríki og lögmæti hennar háð landslögum. Eftirlitsyfirvöld gagnaverndar í aðildarríkjunum skulu á sínu starfsviði og með því umboði sem þeim er veitt skv. 28. gr. tilskipunar 95/46/EB, vera hæf til að meta hvort gagnaútflytjandinn hefur hlitt innlendri löggjöf við framkvæmd ákvæða tilskipunar 95/46/EB, einkum sérstakra reglna varðandi þá skyldu að veita upplýsingar samkvæmt téðri tilskipun.
- 8) Ákvörðun þessi tekur ekki til flutnings ábyrgðaraðila á persónuupplýsingum, sem hafa staðfestu í bandalaginu, til viðtakanda sem hafa staðfestu utan yfirráðasvæðis bandalagsins og eru einungis vinnsluáðilar. Þessir flutningar útheimta ekki sömu öryggisráðstafanir vegna þess að vinnsluáðilinn vinnur eingöngu fyrir ábyrgðaraðilann. Framkvæmdastjórnin áformar að fjalla um þess konar flutning í síðari ákvörðun.
- 9) Rétt er að mæla fyrir um lágmarksupplýsingar sem aðilarnir skulu tilgreina í samningnum þar sem fjallað er um flutninginn. Aðildarríki skulu halda rétti sínum til að ákveða hvaða upplýsingar aðilunum er gert að láta í té. Endurskoða skal framkvæmd þessarar ákvörðunar í ljósi reynslunnar.
- 10) Síðar mun framkvæmdastjórnin einnig taka til athugunar hvort föst samningsákvæði, sem fyrirtæki eða aðrir hagsmunaaðilar leggja til, feli í sér fullnægjandi öryggisráðstafanir samkvæmt tilskipun 95/46/EB.
- 11) Þótt aðilum sé frjálst að koma sér saman um efnisákvæði laga um gagnavernd sem gagnainnflytjandanum er gert að hlíta skulu tilteknar meginreglur um gagnavernd ávallt gilda.
- 12) Gögn skulu eingöngu unnin og síðan notuð eða látin í té í ákveðnum tilgangi og ekki geymd lengur en þörf krefur.
- 13) Skv. 12. gr. tilskipunar 95/46/EB skal skráði aðilinn eiga rétt til aðgangs að öllum gögnum sem tengjast honum og, eftir því sem við á, til að leiðrétta, eyða eða takmarka aðgang að tilteknum gögnum.

- 14) Frekari flutningur á persónuupplýsingum til annars ábyrgðaraðila, sem hefur staðfestu í þriðja landi, skal eingöngu heimilaður með tilteknum skilyrðum, einkum til að tryggja að skráðum aðilum séu veittar réttar upplýsingar og að þeim gefist kostur á að andmæla, eða í vissum tilvikum að fresta samþykki sínu.
- 15) Auk þess að meta hvort flutningur til þriðju landa sé í samræmi við landslög skulu eftirlitsyfirvöld gegna lykilhlutverki í þessu samningsferli að því er varðar að tryggja að persónuupplýsingar séu nægilega verndaðar eftir flutninginn. Við tilteknaðar aðstæður skulu eftirlitsyfirvöld aðildarríkjanna hafa áfram umboð til að banna eða fresta gagnaflutningi eða röð gagnaflutninga, byggt á föstum samningsákvæðum, í þeim tilvikum sem staðfest hefur verið að flutningur á grundvelli fastra samningsákvæða sé líklegur til að hafa veruleg neikvæð áhrif á tryggingu fyrir því að skráða aðilanum sé veitt nægileg vernd.
- 16) Föstu samningsákvæðin skulu vera aðfararhæf, ekki aðeins af hálfu fyrirtækjanna, sem eru aðilar að samningnum, heldur einnig skráðu aðilanna, einkum ef skráðu aðilarnir verða fyrir tjóni vegna brots á samningnum.
- 17) Lög, sem gilda um samninginn, skulu vera lög aðildarríkisins þar sem gagnaútflytjandinn hefur staðfestu, sem gerir réttmæt þriðja aðila kleift að framfylgja samningi. Leyfilegt skal vera að félög eða aðrir aðilar séu í forsvari fyrir skráða aðila ef þess er óskað og leyfilegt er samkvæmt landslögum.
- 18) Til að draga úr örðugleikum, sem skráðir aðilar geta lent í þegar þeir reyna að ná fram rétti sínum samkvæmt föstum samningsákvæðum, skulu gagnaútflytjandinn og gagnainnflytjandinn bera sameiginlega ábyrgð á tjóni sem verður vegna brots á þeim ákvæðum sem samningsákvæðið um rétt þriðja aðila tekur til.
- 19) Skráði aðilinn á rétt á að grípa til aðgerða og fá bætur frá gagnaútflytjanda, gagnainnflytjanda eða báðum aðilum vegna tjóns sem verður vegna aðgerða sem brjóta í bága við þær skyldur sem tíundaðar eru í föstu samningsákvæðunum. Báðir aðilar geta verið undanþegnir bótaábyrgð ef þeir geta sýnt fram á að hvorugur þeirra sé ábyrgur.
- 20) Óskipt bótaábyrgð gildir ekki um ákvæði sem samningsákvæðin um rétt þriðja aðila taka ekki til og þarf því ekki að fela í sér að annar aðilinn greiði tjón sem leiðir af ólögumætri aðgerð hins aðilans. Enda þótt gagnkvæm bótaábyrgð aðila sé ekki skilyrði fyrir því að vernd skráðra aðila teljist nægileg, og því heimilt að fella hana niður, er hennar getið í föstu samningsákvæðunum til glöggvunar og til að komast hjá því að hvor aðili fyrir sig þurfi að semja um bætur.
- 21) Ef ágreiningur rís milli aðilanna og skráða aðilans, sem ekki verður leystur á vinsamlegan hátt, og skráði aðilinn skírskotar til ákvæðisins um rétt þriðja aðila, samþykkja aðilarnir að gefa skráða aðilanum kost á að velja milli sáttaumleitunar, gerðardóms og dómstóla. Skráði aðilinn á kost á því að velja að því marki sem viðurkennt kerfi sáttaumleitana og gerðardóms er tiltækt. Kostur skal vera á sáttaumleitun eftirlitsyfirvalda aðildarríkis þar sem slík þjónusta er fyrir hendi.
- 22) Starfshópur um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem komið var á fót samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB, hefur skilað álit um þá vernd sem kveðið er á um í föstu samningsákvæðunum sem fylgja ákvörðun þessari í viðauka og tekið hefur verið tillit til við gerð þessarar ákvörðunar⁽¹⁾.
- 23) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB.

⁽¹⁾ Álit nr. 1/2001, sem starfshópurinn samþykkti 26. janúar 2001 (DG MARKT 5102/00 WP 38) og er tiltækt á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Föstu sammingsákvæðin, sem sett eru fram í viðaukanum, eru talin vera fullnægjandi trygging fyrir vernd einkalífsins og grundvallarréttinda og mannfrelsis og að njóta sams konar réttinda og kveðið er á um í 2. mgr. 26. gr. tilskipunar 95/46/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessi lýtur eingöngu að því hvort veitt sé nægileg vernd með föstu sammingsákvæðunum vegna flutnings á persónuupplýsingum sem sett eru fram í viðaukanum. Hún hefur ekki áhrif á beitingu annarra innlendra ákvæða til framkvæmdar tilskipun 95/46/EB sem varða vinnslu persónuupplýsinga í aðildarríkjunum.

Ákvörðun þessi tekur ekki til flutnings ábyrgðaraðila á persónuupplýsingum sem hafa staðfestu í bandalaginu til viðtakenda sem hafa staðfestu utan yfirráðasvæðis bandalagsins og eru einungis vinnsluáðilar.

3. gr.

Í ákvörðun þessari:

- a) skulu skilgreiningar í tilskipun 95/46/EB gilda;
- b) eru „sérstakir gagnaflokkar“ þau gögn sem um getur í 8. gr. téðrar tilskipunar;
- c) er „eftirlitsyfirvald“ það yfirvald sem um getur í 28. gr. téðrar tilskipunar;
- d) er „gagnaútflytjandi“ ábyrgðaraðilinn sem flytur persónuupplýsingarnar;
- e) er „gagnainnflytjandi“ ábyrgðaraðilinn sem samþykkir að veita persónuupplýsingum gagnaútflytjanda viðtöku til frekari vinnslu í samræmi við skilmála þessarar ákvörðunar.

4. gr.

1. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum geta, án þess að það hafi áhrif á heimild þeirra til að grípa til aðgerða til að tryggja að farið sé að innlendum ákvæðum, sem eru samþykkt samkvæmt II., III., V. og VI. kafla tilskipunar 95/46/EB, beitt valdi sínu til að banna eða stöðva tímabundið gagnasendingar til þriðju landa í því skyni að vernda einstaklinga með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga um þá í tilvikum þar sem:

- a) staðfest hefur verið að, samkvæmt þeim lögum sem gagnainnflytjandinn heyrir undir, sé þess krafist að hann víki frá viðkomandi reglum um gagnavernd sem eru umfram nauðsynlegar takmarkanir sem krafist er í lýðræðisþjóðfélagi, eins og kveðið er á um í 13. gr. tilskipunar 95/46/EB, ef líklegt er að kröfur þessar hafi veruleg neikvæð áhrif á þá tryggingu sem föstu sammingsákvæðin veita; eða
- b) lögbært yfirvald hefur staðfest að gagnainnflytjandi hafi ekki virt sammingsákvæðin; eða
- c) verulegar líkur er á að föstu sammingsákvæðunum í viðaukanum sé ekki eða verði ekki hlítt og ef flutningi verði haldið áfram sé hætta á að skráðu aðilarnir verði fyrir alvarlegum skaða.

2. Banni eða frestun skv. 1. mgr. skal aflétt um leið og ástæður bannsins eða frestunarinnar eru ekki lengur fyrir hendi.

3. Þegar aðildarríki samþykkja öryggisráðstafanir skv. 1. og 2. mgr. skulu þau án tafar tilkynna það framkvæmdastjórninni sem sendir upplýsingarnar áfram til hinna aðildarríkjanna.

5. gr.

Framkvæmdastjórnin skal meta framkvæmd ákvörðunar þessarar á grundvelli tiltækra upplýsinga þremur árum eftir að aðildarríkjunum hefur verið tilkynnt um hana. Hún skal leggja skýrslu um lyktirnar fyrir nefndina sem komið var á fót samkvæmt 31. gr. tilskipunar 95/46/EB. Þar skulu koma fram sannanir, ef einhverjar eru, sem geta haft áhrif á mat á því hvort föstu samningsákvæðin í viðaukanum séu viðunandi og hverjar þær sannanir sem kunna að liggja fyrir um að ákvörðun þessari sé beitt til mismununar.

6. gr.

Ákvörðun þessi skal gilda frá 3. september 2001.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. júní 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Frederik BOLKESTEIN
framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

FÖST SAMNINGSÁKVÆÐI

með tilliti til 2. mgr. 26. gr. tilskipunar 95/46/EB vegna flutnings persónuupplýsinga til þriðju lands sem tryggja ekki nægilega vernd

Heiti fyrirtækis sem flytur út gögnin:

.....

Heimilisfang:

Sími: bréfasími: netfang:

Aðrar nauðsynlegar upplýsingar til að auðkenna fyrirtækið:

(gagnaútflytjandi)

og

Heiti fyrirtækis sem flytur inn gögnin:

.....

Heimilisfang:

Sími: bréfasími: netfang:

Aðrar nauðsynlegar upplýsingar til að auðkenna fyrirtækið:

(gagnainnflytjandi)

HAGA SAMÞYKKT eftirfarandi samningsákvæði (hér á eftir nefnd „ákvæðin“) sem eru talin vera fullnægjandi trygging fyrir vernd einkalífisins og grundvallarréttinda og mannfrelsis við flutning gagnaútflytjanda á persónuupplýsingum til gagnainnflytjanda eins og skilgreint er í 1. viðbæti:

1. ákvæði

Skilgreiningar

Í þessum ákvæðum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „persónuupplýsingar“, „sérstakir gagnaflokkar“, „vinnsluferli/vinnsla“, „ábyrgðaraðili“, „vinnsluaðili“, „skráður aðili“ og „eftirlitsfirvald“ skulu hafa sömu merkingu og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um fjálsa miðlun slíkra upplýsinga („hér á eftir nefnd tilskipunin“);
- b) „gagnaútflytjandi“ er ábyrgðaraðilinn sem flytur persónuupplýsingarnar;
- c) „gagnainnflytjandi“ er ábyrgðaraðilinn sem samþykkir að veita persónuupplýsingum frá gagnaútflytjanda viðtöku til frekari vinnslu samkvæmt skilmálum þessara ákvæða og sem heyrir ekki undir kerfi þriðja lands sem tryggir nægilega vernd.

2. ákvæði

Upplýsingar um flutninginn

Upplýsingarnar um flutninginn, einkum flokka persónuupplýsinga og ástæður flutnings þeirra, eru tilgreindar í 1. viðbæti sem er óaðskiljanlegur hluti ákvæðanna.

*3. ákvæði***Ákvæði um rétt þriðja aðila**

Skráðu aðilarnir geta framfylgt þessu ákvæði í 4. ákvæði (b-, c- og d-lið), í 5. ákvæði (a-, b-, c- og e-lið), í 6. ákvæði (1. og 2. mgr.) og í 7., 9. og 11. ákvæði sem rétti þriðja aðila. Aðilarnir leggjast ekki gegn því að félag eða önnur stofnun sé í forsvari fyrir skráðu aðilana ef þeir æskja þess og ef heimilt er samkvæmt landslögum.

*4. ákvæði***Skyldur gagnaútflytjanda**

Gagnaútflytjandinn samþykkir og ábyrgist:

- a) að vinnslan, þ.m.t. sjálfur flutningurinn, á persónuupplýsingum hjá honum hafi verið og verði áfram, fram að flutningi, framkvæmd samkvæmt viðeigandi ákvæðum aðildarríkisins þar sem gagnaútflytjandinn hefur staðfestu (og þar sem það hefur verið tilkynnt, ef við á, til viðkomandi yfirvalda aðildarríkisins) og að ekki sé brotið gegn viðeigandi ákvæðum þess aðildarríkis;
- b) að, ef verið er að flytja sérstaka gagnaflokka, hafi skráða aðilanum verið tilkynnt eða verði tilkynnt um það fyrir flutninginn að hugsanlegt sé að gögnin verði send til þriðja lands sem ekki veitir nægilega vernd;
- c) að skráðir aðilar hafi aðgang að afriti af ákvæðunum æski þeir þess; og
- d) að svara, innan sanngjarnra tímamarka og að því marki sem það er mögulegt, fyrirspurnum frá eftirlitsyrivaldi um vinnslu gagnainnflytjanda á viðkomandi persónuupplýsingum og fyrirspurnum skráða aðilans um vinnslu gagnainnflytjanda á þeim persónuupplýsingum.

*5. ákvæði***Skyldur gagnainnflytjanda**

Gagnainnflytjandinn samþykkir og ábyrgist:

- a) að hann hefur enga ástæðu til að ætla að löggjöfin, sem gildir um hann, komi í veg fyrir að hann uppfylli skyldur sínar sem kveðið er á um í samningnum og að, í því tilviki að breyting verði á löggjöfinni, sem er líklegt að hafi veruleg neikvæð áhrif á þær tryggingar sem kveðið er á um í ákvæðunum, muni hann tilkynna gagnaútflytjanda og eftirlitsyrivaldi, þar sem gagnaútflytjandi hefur staðfestu, um breytinguna og í því tilviki er gagnaútflytjanda heimilt að fresta flutningi á gögnum og/eða segja upp samningnum;
- b) að vinnsluferli persónuupplýsinga sé í samræmi við lögboðnar meginreglur um gagnavernd sem settar eru fram í 2. viðbæti; eða, ef aðilarnir samþykkja það sérstaklega með því að merkja við valkost hér á eftir og, með fyrirvara um að farið sé eftir lögboðnum meginreglum um gagnavernd sem settar eru fram í 3. viðbæti, að vinna gögnin að öllu öðru leyti í samræmi við:
 - viðkomandi ákvæði í landslögum (í tengslum við þessi sammingsákvæði), sem standa vörð um grundvallarréttindi og mannfrelsi einstaklinga, einkum rétt þeirra til friðhelgi einkalífsins með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga sem gilda um ábyrgðaraðila gagna í því landi sem gagnaútflytjandinn hefur staðfestu, eða
 - viðkomandi ákvæði í öllum ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar skv. 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB þar sem fram kemur að þriðja land veitir aðeins fullnægjandi vernd á tilteknum sviðum atvinnulífsins, ef gagnainnflytjandinn er staðsettur í því þriðja landi og viðkomandi ákvæði taka ekki til hans, að svo miklu leyti sem ákvæðin eru þess eðlis að þau gildi um flutninginn;
- c) að fjalla tafarlaust og á réttan hátt um allar sanngjarnar fyrirspurnir gagnaútflytjandans eða skráða aðilans um vinnsluna á persónuupplýsingum, sem á að flytja, og hafa samvinnu við þar til bært eftirlitsyrivald um allar fyrirspurnir og fara eftir leiðbeiningum eftirlitsyrivaldsins um vinnslu þeirra gagna sem eru flutt;
- d) að gera gagnaútflytjanda, að beiðni hans, eða skoðunaraðila, sem er hópur sjálfstæðra aðila með tilskilda starfsmenntun og hæfi og er valinn af gagnaútflytjanda í samráði við eftirlitsyrivaldið, kleift að skoða gagnavinnslu-aðstöðu, þar sem það á við;
- e) að skráðir aðilar hafi aðgang að afriti af ákvæðunum æski þeir þess og tilgreina skrifstofuna sem sér um kvartanir.

*6. ákvæði***Bótaábyrgð**

1. Aðilarnir samþykkja að skráði aðilinn, sem hefur orðið fyrir tjóni vegna brots á einhverjum þeim ákvæðum sem um getur í 3. ákvæði, eigi rétt á að fá bætur frá aðilunum vegna þess tjóns sem hann varð fyrir. Aðilar samþykkja að þeir séu eingöngu undanþegnir bótaábyrgð ef þeir geta sýnt fram á að hvorugur þeirra sé ábyrgur fyrir broti á ákvæðum þessum.

2. Gagnaútflytjandi og gagnainnflytjandi samþykkja að þeir beri sameiginlega ábyrgð á tjóni sem skráði aðilinn verður fyrir vegna brots sem um getur í 1. mgr. Ef um slíkt brot er að ræða liggur ábyrgðin hjá gagnaútflytjanda eða gagnainnflytjanda eða báðum aðilum.

3. Aðilarnir samþykkja að ef annar aðilinn er kallaður til ábyrgðar vegna brots, sem um getur í 1. mgr., og hinn aðilinn er valdur að mun sá síðarnefndi bæta hinum aðilanum kostnað, gjöld, tjón, útgjöld eða tap sem hann hefur orðið fyrir í tengslum við það (*).

7. ákvæði

Sáttaumleitun og lögsaga

1. Aðilarnir samþykkja að komi til ágreinings kemur milli skráða aðilans og annars hvors málsaðila, sem leysist ekki á vinsamlegan hátt, og skráði aðilinn skirskotar til ákvæðis um rétt þriðja aðila í 3. samningsákvæði, samþykkja þeir ákvörðun skráða aðilans,:

- a) um að vísa ágreiningnum til óháðs aðila um sáttaumleitun eða, þar sem það á við, til eftirlitsyfirvalds;
- b) um að vísa ágreiningnum til dómstóla í aðildarríkinu þar sem gagnaútflytjandinn hefur staðfestu.

2. Málsaðilarnir samþykkja að með samningi milli skráða aðilans og viðkomandi málsaðila sé hægt að vísa ágreiningi til gerðardóms ef málsaðili hefur staðfestu í landi sem hefur fullgilt New York-samninginn um fullnustu gerðardómsúrskurða.

3. Aðilarnir samþykkja að 1. og 2. mgr. gildi með fyrirvara um efnislegan rétt eða rétt til málsmeðferðar til að ráða bót á þessu samkvæmt öðrum innlendum ákvæðum eða landslögum.

8. ákvæði

Samvinna við eftirlitsyfirvöld

Málsaðilarnir samþykkja að afhenda eftirlitsyfirvaldi afrit af samningi þessum til vörslu ef það æskir þess eða ef þess er krafist samkvæmt landslögum.

9. ákvæði

Uppsögn ákvæðanna

Málsaðilarnir samþykkja að uppsögn ákvæðanna hvenær sem er, við hvaða aðstæður sem er og af hvaða ástæðum sem er veiti þeim ekki undanþágu frá skyldum og/eða skilyrðum í ákvæðunum að því er varðar vinnslu á fluttum gögnum.

10. ákvæði

Gildandi lög

Ákvæðin skulu vera háð lögum aðildarríkisins þar sem gagnaútflytjandinn hefur staðfestu, þ.e.

11. ákvæði

Breytingar á samningnum

Málsaðilarnir skuldbinda sig til að breyta ekki skilmálum í ákvæðunum.

Fyrir hönd gagnaútflytjanda:

Nafn (ritað fullum stöfum):

Starfsheiti:

Heimilisfang:

(*) 3. mgr. er valfrjáls.

Aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að samningurinn sé bindandi (ef einhverjar eru):

.....

.....

(undirskrift)



(stimpill fyrirtækis)

Fyrir hönd gagnainnflytjanda:

Nafn (ritað fullum stöfum):

Starfsheiti:

Heimilisfang:

Aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að samningurinn sé bindandi (ef einhverjar eru):

.....

.....

.....

(undirskrift)



(stimpill fyrirtækis)

*I. viðbætur***við föstu sammingsákvæðin**

Viðbætur þessi er hluti af ákvæðunum og skulu málsaðilarnir útfylla hann og undirrita

(Aðildarríkjunum er heimilt að bæta við eða tilgreina nauðsynlegar upplýsingar, samkvæmt landslögum sínum, sem skulu koma fram í viðbæti þessum.)

Gagnaútflytjandi

Gagnaútflytjandinn er (vinsamlegast tilgreinið í stuttu máli starfseminna sem viðkemur flutningnum):

.....
.....
.....

Gagnainnflytjandi

Gagnainnflytjandinn er (vinsamlegast tilgreinið í stuttu máli starfseminna sem viðkemur flutningnum):

.....
.....
.....

Skráðir aðilar

Persónuupplýsingar, sem fluttar eru, varða eftirfarandi flokka skráðra aðila (vinsamlegast tilgreinið):

.....
.....
.....

Ástæður flutningsins

Flutningurinn er nauðsynlegur af eftirfarandi ástæðum (vinsamlegast tilgreinið):

.....
.....
.....

Gagnaflokkar

Fluttar persónuupplýsingar teljast til eftirfarandi gagnaflokka (vinsamlegast tilgreinið):

.....
.....
.....

Viðkvæm gögn (ef við á)

Persónuupplýsingar sem fluttar eru teljast til eftirfarandi flokka viðkvæmra gagna (vinsamlegast tilgreinið):

.....
.....
.....

Viðtakendur

Eingöngu er heimilt að birta persónuupplýsingar, sem fluttar eru, eftirfarandi viðtakendum eða flokkum viðtakenda (vinsamlegast tilgreinið):

.....
.....
.....

Geymslumörk

Persónuupplýsingarnar sem fluttar eru má ekki geyma lengur en (vinsamlegast tilgreinið): (mánuðir/ár)

Gagnaútflytjandi

Nafn:

.....

(Undirskrift umboðshafa)

Gagnainnflytjandi

Nafn:

.....

(Undirskrift umboðshafa)

2. viðbætur

við föstu samningsákvæðin

Lögboðnar meginreglur um gagnavernd sem um getur í fyrstu málsgrein b-liðar í 5. samningsákvæði

Meginreglur þessar um gagnavernd skulu lesnar og túlkaðar í ljósi ákvæða (meginreglna og viðeigandi undantekninga) tilskipunar 95/46/EB.

Þær gilda með fyrirvara um lögboðin skilyrði innlendirar löggjafar sem gilda um gagnainnflytjanda og ganga ekki lengra en nauðsyn krefur í lýðræðisþjóðfélagi á grundvelli hagsmuna sem taldir eru upp í 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 95/46/EB, þ.e. ef þær teljast nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja þjóðaröryggi, landvarnir, almannaoöryggi, forvarnir, rannsóknir, uppljóstranir og lögsókn í refsímálum, eða vegna brots á siðareglum í lögvernduðum atvinnugreinum, mikilvægra efnahags- eða fjárhagslegra hagsmuna ríkisins eða verndar skráðs aðila eða mannréttinda og mannfrelsis annarra.

1. *Takmörkun vegna tilgangs*: Gögn skulu aðeins unnin og síðan notuð eða þeim komið á framfæri í þeim tilgangi sem tilgreindur er í I. viðbæti við ákvæðin. Gögn skulu ekki geymd lengur en nauðsynlegt er í þeim tilgangi sem þau eru flutt.
2. *Gæði og rétt hlutfall gagna*: Gögn skulu vera nákvæm og uppfærð þegar þörf krefur. Gögnin skulu vera fullnægjandi, viðeigandi og ekki of mikið af þeim með tilliti til tilgangs flutningsins og frekari vinnslu.
3. *Gagnsæi*: Skráðir aðilar skulu fá upplýsingar um tilgang vinnslunnar og um ábyrgðaraðila gagnanna í þriðja landi ásamt öðrum upplýsingum, að því leyti sem það er nauðsynlegt til að tryggja eðlilega vinnslu nema gagnaútflytjandinn hafi áður veitt þeim slíkar upplýsingar.
4. *Öryggi og trúnaður*: Ábyrgðaraðili gagna skal gera tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir með tilliti til áhættu, t.d. vegna óleyfilegs aðgangs, sem vinnslan felur í sér. Einstaklingar sem starfa í umboði ábyrgðaraðila gagna, þar með talinn vinnsluaðili, skulu ekki setja gögnin í vinnslu nema samkvæmt fyrirmælum frá ábyrgðaraðila.
5. *Réttur til aðgangs, leiðrétting, eyðing og aðgangstakmarkanir á gögnum*: Eins og kveðið er á um í 12. gr. tilskipunar 95/46/EB skal skráður aðili hafa rétt til aðgangs að öllum gögnum sem tengjast honum og eru í vinnslu og, eftir því sem við á, rétt til að leiðrétta, eyða eða takmarka aðgang að gögnum ef þeim meginreglum, sem settar eru fram í viðbæti þessum, er ekki framfylgt við vinnslu þeirra, einkum ef gögnin eru ófullnægjandi eða ónákvæm. Hann skal hafa rétt til að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lögmætar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna.
6. *Takmarkanir á framsendingum*: Frekari flutningur á persónuupplýsingum frá gagnainnflytjandanum til annars ábyrgðaraðila, sem hefur staðfestu á þriðja landi og tryggir ekki fullnægjandi vernd eða fellur ekki undir gildissvið ákvörðunar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt samkvæmt 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB (framsending), er einungis heimilaður ef annaðhvert:
 - a) skráðir aðilar hafa, ef um er að ræða sérstaka gagnaflokka, veitt skýlaust samþykki sitt til að framsenda upplýsingarnar eða þeir hafa, í öðrum tilvikum, fengið tækifæri til að andmæla.

Lágmarksupplýsingar sem skráðir aðilar fá skulu vera á tungumáli sem þeir skilja:

- tilgangur framsendinga,
 - deili á gagnaútflytjanda sem hefur staðfestu í bandalaginu,
 - flokkar annarra viðtakenda upplýsinga og ákvörðunarlönd, og
 - útskýring á því, eftir framsendinguna, að ábyrgðaraðila með staðfestu í landi, sem ekki tryggir fullnægjandi vernd einkalífs, sé heimilt að vinna upplýsingarnar; eða
- b) gagnaútflytjandinn og gagnainnflytjandinn samþykkja að gangast undir ákvæði annars ábyrgðaraðila sem þar með verður aðili að ákvæðunum og tekur á sig sömu skyldur og gagnainnflytjandinn.
7. *Sérstakir flokkar upplýsinga*: Þegar upplýsingar, sem gefa upp kynþátt eða þjóðerni, stjórnmálaskoðanir, trúarbrögð eða heimspekilega sannfæringu, aðild að verkalýðsfélagi eða upplýsingar um heilsufar eða kynlíf eða gögn um afbrot eða refsiverða verknaði eða öryggisráðstafanir, eru í vinnslu skal frekari öryggis gætt í skilningi tilskipunar 95/46/EB, einkum viðeigandi öryggisráðstafanir á borð við dulköðun á sendingum eða halda skrá yfir þá sem hafa aðgang að viðkvæmum gögnum.
 8. *Bein markaðssetning*: Þegar gögn eru unnin fyrir beina markaðssetningu skal beita skilvirkum aðferðum sem heimila skráða aðilanum að andmæla því hvenær sem er að upplýsingar um hann séu notaðar í slíkum tilgangi.

9. *Ákvarðanir er varða einstaklinga og byggjast á vélrænni gagnavinnslu:* Skráðir aðilar skulu hafa rétt til að þurfa ekki að hlíta ákvörðunum sem byggjast einungis á vélrænni gagnavinnslu nema aðrar ráðstafanir séu gerðar til að vernda lögmeta hagsmunir þeirra, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 15. gr. tilskipunar 95/46/EB. Ef tilgangur flutningsins er að taka ákvörðun með sjálfvirkum hætti eins og um getur í 15. gr. tilskipunar 95/46/EB, sem hefur réttaráhrif á einstaklinginn eða skiptir hann verulegu máli og sem er eingöngu byggð á vélrænni gagnavinnslu í þeim tilgangi að meta ákveðna þætti er varða hagi hans, svo sem frammistöðu hans í starfi, láns hæfi, áreiðanleika, hegðun o.s.frv., skal einstaklingurinn eiga rétt á að vita rökin fyrir þeirri ákvörðun.

3. viðbætur

við föstu samningsákvæðin

Lögboðnar meginreglur varðandi gagnavernd sem um getur í annarri málsgrein b-liðar í 5. ákvæði

1. *Takmörkun vegna tilgangs:* Gögn skulu aðeins unnin og síðan notuð eða þeim komið á framfæri í þeim tilgangi sem tilgreindur er í I. viðbæti við ákvæðin. Gögn skulu ekki geymd lengur en nauðsynlegt er í þeim tilgangi sem þau eru flutt.
2. *Réttur til aðgangs, leiðrétting, eyðing og aðgangstakmarkanir á gögnum:* Eins og kveðið er á um í 12. gr. tilskipunar 95/46/EB skal skráður aðili hafa rétt til aðgangs að öllum gögnum, sem tengjast honum og eru í vinnslu og, eftir því sem við á, hafa rétt til að leiðrétta, eyða eða takmarka aðgang að gögnum ef þeim meginreglum, sem settar eru fram í viðbæti þessum er ekki framfylgt við vinnslu þeirra, einkum ef gögnin eru ófullnægjandi eða ónákvæm. Hann skal hafa rétt til að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lögmetar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna.
3. *Takmarkanir á framsendingum:* Frekari flutningur á persónuupplýsingum frá gagnainnflytjandanum til annars ábyrgðaraðila, sem hefur staðfestu í þriðja landi og tryggir ekki fullnægjandi vernd eða fellur ekki undir gildissvið ákvörðunar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt samkvæmt 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB (framsending), er einungis heimilaður ef annaðhvort:
 - a) skrádir aðilar hafa, ef um er að ræða sérstaka gagnaflokka, veitt skýlaust samþykki sitt til að framsenda upplýsingarnar eða þeir hafa, í öðrum tilvikum, fengið tækifæri til að andmæla.
Lágmarksupplýsingar sem skrádir aðilar fá skulu vera á tungumáli sem þeir skilja:
 - tilgangur framsendinga,
 - deili á gagnaútflytjanda sem hefur staðfestu í bandalaginu,
 - flokkar annarra viðtakenda upplýsinga og ákvörðunarlönd, og
 - útskýring á því, eftir framsendinguna, að ábyrgðaraðila með staðfestu í landi sem ekki tryggir fullnægjandi vernd einkalífs, sé heimilt að vinna upplýsingarnar; eða
 - b) gagnaútflytjandinn og gagnainnflytjandinn samþykkja að gangast undir ákvæði annars ábyrgðaraðila sem þar með verður aðili að ákvæðunum og tekur á sig sömu skyldur og gagnainnflytjandinn.